

**Ed.**

**602. Lög**

um varðskip ríkisins og sýslunarmenn á þeim.

(Afgreidd frá Ed. 14. maí).

1. gr.

Varðskipin skulu eiga heimili í Reykjavík. Þetta þarf ekki að letra á skipin. Skjaldarmerki Íslands skal á þeim vera. Allir starfsmenn skipa þessara eru sýslunarmenn ríkisins, hvort sem þeir eru skipaðir af ráðuneytinu, settir eða á annan veg ráðnir þar til starfa. Skulu þeir allir slysatrygðir af útgerð skipanna, eftir svipuðum reglum og skipshafnir á öðrum skipum ríkissjóðs og Eímskipafjelags Íslands.

2. gr.

Skipherrar á varðskipunum eru löggæslumenn ríkisins á landhelgis-  
svæðinu. Stýrimenn eru aðstoðarmenn þeirra við löggæsluna.

3. gr.

Skipherrar, stýrimenn, vjelstjórar og loftskeytamenn skulu skipaðir af ráðuneytinu. Það skipar og bryta og semur við hann um borgun fyrir fæði skipverja, þó ekki fyrir lengri tíma en eitt ár í senn.

Ráðuneytið getur hvenær sem er vikið frá sýslan, um stundarsakir eða fyrir fult og alt, sjerhverjum sýslunarmanni á skipunum.

Um frávikning sýslunarmanna á varðskipunum, hvort heldur er um stundarsakir eða fyrir fult og alt, gilda sömu reglur og um aðra sýslunarmenn ríkisins.

Skipverjar settir eða skipaðir af ráðuneytinu geta sagt upp starfi sínu með 6 mánaða fyrirvara. Með sama fyrirvara af hálfu beggja samningsaðilja má segja upp samningum þeirra skipverja, sem ekki eru settir eða skipaðir af ráðuneytinu.

4. gr.

Aðra sýslunarmenn en þá, er um getur í 3. gr., ræður skipherra í umboði ráðuneytisins. Þó skulu kyndarar ávalt ráðnir í samráði við 1. vjelstjóra. Mönnum þessum getur skipherra hvenær sem er vikið frá sýslan, um stundarsakir eða fyrir fult og alt, en skýra skal þá tafarlaust ráðuneytinu frá málavöxtum.

Nú álitur skipherra, sem staddur er á varðskipi utan Reykjavíkur, nauðsynlegt, að einhverjum þeirra starfsmanna, sem taldir eru í 3. gr., sje þegar vikið frá sýslan, og má hann þá vikja sýslunarmanninum frá um stundarsakir, en skýra skal hann ráðuneytinu þegar í stað frá því, og leggur ráðherra úrskurð á málið.

5. gr.

Laun sýslunarmanna skulu ákveðin í launalögum. Skráning manna á skipin fyrir skráningarstjórum skal ekki fara fram.

Siglingatími sýslunarmanna á varðskipunum skal tekinn til greina sem siglingatími skráðra manna á öðrum eimskipum sömu stærðar í utanlandssiglingum.

6. gr.

Sje sýslunarmanni vikið frá um stundarsakir, tekur hann ekki laun á meðan. Sje honum vikið frá fyrir fult og alt, og það er ekki gert vegna elli eða vanheilsu, ákveður ráðuneytið, hvort honum eftir atvikum skuli endurgoldin iðgjöld þau, er hann hefir greitt samkvæmt launalögunum í lífeyrisjóð embættismanna, eða ekki. Sýslunarmenn þessir, aðrir en skipherra, 1. stýrimaður og 1. vjelstjóri, fá að öðru leyti endurgreiðslu iðgjalda úr lífeyrisjóði eftir reglum laga nr. 51, 1921, 4. gr.

7. gr.

Ráðuneytið setur reglugerð um löggæslustarfið og um einkennisbúninga sýslunarmanna. Það má einnig ákveða tilhögun alla á starfinu, verkaskiftingu o. fl.

8. gr.

Nú brýtur sýslunarmaður gegn skyldum sínum eftir reglum þeim, sem settar eru samkvæmt lögum þessum, eða að öðru leyti, og varðar það þá ábyrgð eins og brot á embættisfærslu, nema brotið sje svo vaxið, að ábyrgð varði eftir siglingalögunum og eigi liggja þyngri hegning við því sem broti í embættisfærslu. Þátttaka í verkfalli varðar skipverja á varðskipunum ábyrgð, eftir lögum nr. 33 1915.

9. gr.

Lög þessi ná aðeins til þeirra varðskipa, sem eru eign ríkisins og ráðuneytið telur aðalvarðskip.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.